

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Helgu Ingólfsdóttur,
stofnanda Sumartónleika í Skálholtskirkju.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Helgu Ingólfsdóttur, stofnanda Sumartónleika í Skálholtskirkju. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í Skálholti í Bláskógabyggð.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að minnast arfleifðar Helgu Ingólfsdóttur (f. 25. janúar 1942, d. 21. október 2009), semballeikara og stofnanda Sumartónleika í Skálholtskirkju.

Fé úr sjóðnum skal verja til að:

1. styrkja tónleikahald Sumartónleikanna, ekki síst ef tengja má það minningu Helgu,
2. stuðla að ritun sögu Sumartónleikanna,
3. styrkja efnilega nemendur í tónlistarnámi, einkum í semballeik,
4. standa fyrir útgáfu á tónupptökum með leik Helgu og
5. styðja önnur viðfangsefni í sama anda og að framan greinir.

Ráðstöfun fjár úr sjóðnum skal miðast við það að sjóðurinn geti rækt hlutverk sitt um langa hríð.

4. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru Agnar Ingólfsson, kt. 290737-2309, Skálholtsstaður, kt. 610172-0169, Sumartónleikar í Skálholtskirkju, kt. 700485-0809 og Þorkell Helgason, eiginmaður Helgu, kt. 021142-4259.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 926.000, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Sjóðinn skal varðveita á tryggan hátt.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir og verðbætur,
2. erfða- og minningargjafir,
3. söfnunarfé eða fjárframlög í tengslum við minningartónleika og
4. aðrar tekjur.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í sjóðnum tilheyra stofnendum hans.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til fimm ára í senn. Stjórnin skal skipuð þannig:

1. Einn tilnefndur af biskupi Íslands sem jafnframt er formaður,
2. formaður stjórnar Sumartónleika í Skálholtskirkju (sbr. skipulagsskrá þeirra) og
3. fulltrúi Bachsveitarinnar í Skálholti.

Jafnframt skulu með sama hætti tilnefndir þrír menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó ákvæði 1. mgr. um formann.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Seta í stjórn skal vera ólaunuð.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn eða löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn eða endurskoðendur má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna né velja til þess framkvæmdastjóra sjóðsins.

10. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

11. gr.

Breyting samþykkt, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða stofnun eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 19. júlí 2010.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.